

**Brjef landshöfðingja til alþingismanns, prófasts sjera Þórarins Böðvarssonar 32**  
**um þorskanetalagnir í Faxaflóa.** — Í tilefni af áskorun frá mörgum bændum í Vatns- 12. marz.  
 leysustrandar- og Rosmhvalaneshreppum til yðar sem alþingismanns hafð þjer, herra  
 prófastur, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., farið þess á leit, að gjörð verði sú fyr-  
 irskipun, að öllum þeim reglum, sem konungsbrjef 18. sept. 1793 hefur inni að halda  
 um netalagnir í nefndum tveim hreppum, verði stranglega fylgt þangað til önnur lög  
 eða lögleg samþykkt kemur um þetta efni, svo og að farið verði í þessu efni eptir 2.  
 grein í stiptamtsplakati 20. nóvbr. 1820, vegna þess, að þar sje línan fyrir þorskaneta-  
 lagnir greinilegar tiltekin.

Jeg hefi síðar meðtekið álit hlutadeigandi amtmanns um málefni þetta og jafn-  
 framt fengið frá honum eptirrit af «samþykkt um ýmisleg atriði er lúta að fiskiveiðum  
 á opnum skipum, er gilda fyrir veiðistöðvarnar í Gullbringusýslu frá Melshöfða að Garðs-  
 skaga» og hafði samþykkt þessi verið gjörð á sýslunefndarfundi Gullbringu- og Kjósar-  
 sýslu 12. nóv. f. á. og á hjeradsfundi á Vatnsleysuströnd 30. jan. þ. á., en ekki náð  
 staðfestingu amtmannsins, og skal jeg um málefni þetta þjónustusamlega tilkynna yður  
 það, sem nú skal sagt:

Eins og kunnugt er, hafði ákvörðunum í konungsbrjefi 18. sept. 1793 um  
 meir en hálfa öld ekki verið framfylgt, þá er bannað var með landshöfðingjaauglýsingu  
 2. febrúar 1874 að leggja þorskanet í sjó fyrri en (eptir) hinn 14. dag marz mánaðar ár  
 hvert í þeim parti Faxaflóa, sem er framundan Gullbringusýslu, sjer í lagi Garðsjó og  
 Strandarsjó, og var þetta bann byggt á ákvörðunum nefnds konungsbrjefs, sem að öðru  
 leyti ekkert var hreift við, hvorki í þessari auglýsingu nje heldur í lögum um þorska-  
 netalagnir í Faxaflóa 12. nóv. 1875, er bönnuðu þorskanetalagnir í gjörvöllum Faxaflóa  
 fyrir 14. dag marzmán. á ári hverju. En þarsem lög þessi takmörkuðu sig við þessa  
 einu ákvörðun konungsbrjefsins, tímaákvörðunina, um hve snemma leggja mætti þorska-  
 net á ári hverju, má álíta að löggjafarvaldið eigi hafi viljað ákveða neitt um hin önnur  
 atriði í optnefndu konungsbrjefi, enda hefur löggjafarvaldið með lögum um ýmisleg at-  
 riði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. desbr. 1877, á annan hátt greitt veg  
 fyrir þeim ákvörðunum, sem nauðsynlegt kynni þykja að setja um þetta efni. Þegar nú  
 litið er á hinar síðustu tilraunir, er gjörðar hafa verið til að nota lög þessi til að koma  
 á samþykkt um þorskanetalagnir í Gullbringusýslu, þá er það ljóst, að þær ákvarðanir,  
 sem menn óskuðu að yrðu löggildar með hinni ofanumgetnu samþykkt, eru mjög mis-  
 munandi frá ákvörðunum í konungsbrjefinu frá 1793, og innihalda miklu minni tak-  
 mörkun á rjetti manna til að nota þorskanet en þessar síðarnefndu ákvarðanir. Að fara  
 nú að framfylgja þessum ákvörðunum, sem að líkindum aldrei hafa náð að koma til  
 fullrar framkvæmdar og að minnsta kosti um meira en hálfa öld hafa verið þýðingar-  
 lausar, væri því ekki einungis að breyta á móti grundvallarreglunum í ofanefndum lög-  
 um 12. nóv. 1875, og að hafna þeirri aðferð, sem ákveðið er í lögum 14. des. 1877 að  
 skuli við hafa í þessu máli, heldur væri það einnig að takmarka þann atvinnuveg, sem  
 hjer er um að ræða, fram yfir það sem hlutadeigendur sjálfir með samþykkt þeirri, er  
 þeir nú í vetur hafa viljað fá staðfesta af amtmanninum í suðuramtinu, hafa sýnt að  
 þeir vilja láta vera gildandi reglur í þessu máli.

Af þessum ástæðum sje jeg mjer ekki fært að gjöra fyrirskipun þá, um þorska-  
 netalagnir í Gullbringusýslu, sem farið hefur verið fram á, en skal jafnframt benda á,  
 að hinn rjetti vegur til að fá máli þessu skipað á hagfelldan hátt fyrir hjeraðið er sá,

**32** að gjöra nýja samþykkt um málið og fá hana staðfesta af hlutadeigandi amtmanni, og 12. marz. virðist þessi vegur, sem er lögum samkvæmur, hljóta að vera litlum erfiðleikum bundinn, þar sem hér er að ræða um almennt áhugamál, einkum eptir að það er orðið hlutadeigendum kunnugt, hvaða atriði það var, sem var því til fyrirstöðu, að hin ofanumgetna samþykkt gæti náð staðfestingu amtmannsins.

**33** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um skyldu sýslunefndar 17. marz. til að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallæri í sýslunni. — Þaræð óttast má fyrir að mikil bjargarvandræði kunni að koma uppá í Gullbringusýslu nú á útmánuðunum, ef fiskileysið heldur áfram, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir hlutadeigandi sýslumanni þá skyldu sýslunefndarinnar, að gjöra í tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að afstýra hallæri, og að minna hann á, að sýslunefndin á kost á að fá í þessu augnamiði lán úr landssjóði að þar til fengnu samþykki amtsráðsins eða yðar sem hlutadeigandi amtmanns fyrir amtsráðsins hönd með þeim kjörum, er stjórnin og alþingi síðar ákveði.

**34**  
21. marz.

### Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi dags. 27. f. m. samþykkt:

1. að eptirleiðis verði bætt við tveimur aukapóstum í Árnessýslu, er gangi út frá Hraungerði, þegar eptir komu Reykjavíkurbóstsins þangað, og fari annar að Arnarbæli í Grímsnesi en hinn ofaná Eyrarbakka;

2. að stofnaðir verði brjefhirðingarstaðir í Arnarbæli í Grímsnesi og á Eyrarbakka í Stokkseyrarhreppi.

Reykjavík 21. marz 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Bergur Thorberg.**

**Jón Jenson.**

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Samþykktar tillögur bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um að verja 200 kr. (sbr. Stjórnartíð. þ. á. B. 17) til að byrja að ræsa fram Vatnsmýrina.

16. gr.

Veittar 281 kr. 5 a. til útgáfu á íslenzku orðasafni eptir rektor, dr phil., Jón Þorkelsson. Justitiarius Jóni Þjeturssyni veittur 200 kr. styrkur til að koma á prent nýrri endurskoðaðri útgáfu af hinum íslenzka kirkjurjetti.

### SÝSLUN VEITT.

10. marz var alþingismaður, dannebrogismaður, Jón Sigurðsson á Gautlöndum skipaður umboðsmaður yfir Norðursýslu- og Reykjadalssjórdum og <sup>3</sup>/<sub>4</sub> Flateyjar frá næstkomandi fardögum.